

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar
vegna skólphreinsistöðvar í Búðardal.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. febrúar 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 sem var samþykkt í sveitarstjórn þann 17. ágúst 2023.

Í breytingunni felst stækkun iðnaðarsvæðis I-6 í Búðardal úr 0,1 ha í 0,14 ha að stærð og minnkar svæði OP-2 sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. febrúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 19. febrúar 2024